

Ed.

165. Frumvarp til laga

[86. mál]

um Framkvæmdastofnun ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 8. des.)

Samhljóða þskj. 96 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Ríkisstjórnin skipar þriggja manna framkvæmdaráð, er annast daglega stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins. Framkvæmdaráð má leysa frá störfum með mánaðarfyrrvara, og eiga þá framkvæmdaráðsmenn rétt til óskertra launa í þrjá mánuði.

Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar tekur ákvörðun fyrir hönd stofnunarinnar um launakjör framkvæmdaráðs, forstöðumanna deilda og annarra starfsmanna.

5. gr. hljóðar svo:

Verkefni framkvæmdaráðs eru m. a.:

- 1) að láta gera áætlanir á vegum stofnunarinnar og leggja þær fyrir stjórn hennar;
- 2) að gera tillögur til stjórnarinnar um rekstraráætlanir og starfsáætlanir fyrir stofnunina;
- 3) að gera tillögur um árlega heildaráætlun fyrir Framkvæmdasjóð og Byggðasjóð svo og um einstakar lánveitingar úr þeim;
- 4) að ráða stofnuninni starfsfólk innan ramma fjárhagsáætlunarinnar, að fengnum tillögum forstöðumanna deilda, sbr. þó 3. gr. 1. tl.

11. gr. hljóðar svo:

Áætlanir skulu sendar ríkisstjórninni til samþykktar, og gerir hún Alþingi grein fyrir þeim. Ríkisstjórnin skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Framkvæmdastofnunin fylgist með framkvæmd þeirra áætlana, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt. Áætlanir til lengri tíma en eins árs skal stofnunin endurskoða, eftir því sem tilefni gefst.

12. gr. hljóðar svo:

Lánadeild vinnur að því að samræma útlán allra opinberra stofnlánasjóða og að skipuleggja fjármagnsöflun til framkvæmda með sérstöku tilliti til þeirra framkvæmda, sem forgang þurfa að hafa samkvæmt áætlunum stofnunarinnar.

Hún fylgist með fjárhag allra opinberra fjárfestingarsjóða og gerir tillögur um fjáröflun til þeirra, eftir því sem þörf krefur.

Lánastofnanir og opinberir sjóðir veita Framkvæmdastofnuninni almennt yfirlit um lánveitingar til fjárfestingar og framkvæmda eftir nánari reglum, sem stjórn Framkvæmdastofnunarinnar setur. Stjórn stofnunarinnar getur að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar sett almennar reglur um, hvers konar framkvæmdir skuli hafa forgang umfram aðrar. Skulu þá lánastofnanir og opinberir sjóðir haga lánveitingum í samræmi við það. Engri stofnun er þó skylt að veita lán, sem hún telur ekki eðlilega tryggð.

13. gr. hljóðar svo:

Lánadeildin annast rannsóknir á arðsemi og þjóðhagslegu gildi nýrra atvinnugreina og fyrirtækja, sem fyrirhugað er að setja á stofn, í samráði við hagdeildir bankanna, og einnig rannsóknir á stöðu starfandi fyrirtækja, sem þarfnast endurskipulagningar og nýrrar fjármögnunar. Um athuganir á tæknilegum forsendum nýrra atvinnugreina skal leita umsagnar Rannsóknaráðs ríkisins og viðkomandi rannsóknarstofnana.

Lánadeildin getur átt frumkvæði að stofnun nýrra fyrirtækja samkvæmt ákvörðun stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar. Lætur hún þá vinna nauðsynleg áætlunar- og undirbúningsstörf og leitar síðan samvinnu við aðra aðila um að koma fyrirtækinu á fót.

18. gr. hljóðar svo:

Framkvæmdasjóður Íslands (á ensku The Development Fund of Iceland), sem stofnaður var með lögum nr. 66 13. maí 1966, er eign ríkisins. Tekur Framkvæmdastofnun ríkisins við stjórn hans, sbr. 5. tl. 3. gr., svo og umsjá allri og rekstri.

19. gr. hljóðar svo:

Mótvirðisfé í vörzlu sjóðsins skal, ásamt vöxtum af því, lána að hálfu til framkvæmda í þágu landbúnaðarins og að hálfu til annarrar starfsemi Framkvæmdasjóðs. Höfuðstóll Mótvirðisssjóðs, eins og hann er á hverjum tíma, skal færður sérstaklega skuldamegin á efnahagsreikningi Framkvæmdasjóðs.

24. gr. hljóðar svo:

Heimilt er stjórn Framkvæmdastofnunarinnar að veita fé til rannsókna á nýjungum í atvinnulífi. Um slíkar styrkveitingar skal leita umsagnar viðkomandi rannsóknarstofnana eða Rannsóknaráðs ríkisins, eftir því sem við á. Einnig má verja fé til undirbúnings nýrra fyrirtækja, sem stofnunin hyggst beita sér fyrir samkvæmt síðari málsgrein 13. gr.

29. gr. hljóðar svo:

Hlutverk Byggðasjóðs er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlunum, sbr. 8. gr., og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum.

31. gr. hljóðar svo:

Stjórn Byggðasjóðs er heimilt að greiða landshlutasamtökum sveitarfélaga af fé sjóðsins sem svarar $\frac{3}{4}$ — þrem fjórðu hlutum — af árslaunum starfsmanns, að því tilskildu, að hann vinni að undirbúningi og gerð áætlana fyrir viðkomandi landshluta í samvinnu við áætlanadeild.

32. gr. hljóðar svo:

Framkvæmdaráð gerir árlegar áætlanir um heildarútlán Byggðasjóðs á komandi ári og gerir frumvarp að slíkri áætlun á grundvelli landshlutaáætlana og leggur

fyrir stjórnina. Þá tekur stjórnin einnig ákvörðun um einstakar lánveitingar og kveður á um tryggingu fyrir láni, vexti og afborgunarskilmála hverju sinni.

Stjórn Bygðasjóðs skal hafa samráð við viðkomandi landshlutasamtök sveitarfélaga við ráðstöfun fjár úr sjóðnum, eftir því sem við verður komið.

38. gr. hljóðar svo:

Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar annast úrlausn þeirra verkefna, sem í öðrum lögum eru falin Efnahagsstofnuninni.

Forstöðumaður hagrannsóknadeildar eða fulltrúi hans hefur með höndum starf oddamanns í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins, sbr. lög nr. 60 1964.

Nánari ákvæði um starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar og framkvæmd laga þessara má setja með reglugerð.